

## FUNDARGERÐ

### 31. Fundar stjórnar byggðarsamlagsins Bergrisans bs.

**Fundarstaður:** Ráðhús Árborgar  
**Fundartími:** Fimmtudagur 11. desember 2017 kl. 14.30  
**Mættir:** Stjórnarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Ásgeir Magnússon. Auk þess sátu Ingibjörg Garðarsdóttir, María Kristjánsdóttir og Helga Lind Pálsdóttir fundinn.  
**Ritari fundarins:** Ásgeir Magnússon

#### Gerðir fundarins

##### 1. Skýrsla Róberts Ragnarssonar, RR Ráðgjöf tillögur til úrbóta

Farið var yfir þær tillögur sem framkoma í skýrslunni. Ljóst er að aðeins lítil hluti þeirra tillagna og nauðsynlegra verkefna sem fram eru sett í skýrslu Róberts verður komið til framkvæmda af stjórn Bergrisans. Ekki verður því undan því vikist að verkefnaráða starfsmann tímabundið til að vinna úr þessum tillögum með stjórn. Áætlaður kostnaður við ráðninguna er kr. 5 milljónir.

##### 2. Fundur með félagsmálaráðherra

Samþykkt var að óska strax eftir fundi með nýjum félagsmálaráðherra Ásmundi Einari Daðasyni til að fylgja eftir þeirri vinnu sem sett var af stað eftir fund með fyrrverandi félagsmálaráðherra Þorsteini Víglundssyni.

##### 3. Vistheimilið í Kerlingardal.

Á fundinn mætti forstöðumaður heimilisins í Kerlingardal Karl Pálmason. Farið var yfir stöðu mála á heimilinu þar sem einungis eru tveir vistmenn eftir á heimilinu. Ljóst er að heimilið verður ekki rekið áfram með tveimur vistmönnum og enginn biðlisti er á Suðurlandi eftir vistun í Kerlingardal. Rætt var um fyrirkomulag þess að leggja heimilið í Kerlingardal niður. Ásta mun senda Karli formlegt bréf um uppsögn samninga við heimilið í Kerlingardal. Ljóst er að þeir vistmenn sem þar eru geta flust að Sólheimum, en eðlilega þarf sá flutningur aðlögum. Ákveðið að Helga Lind og starfsmenn félagsþjónustunnar kæmu að skipulagningu þeirra flutninga með Karli og starfsmönnum heimilisins strax á nýju ári. Varðandi fjárhagslega þætti málsins munum formaður stjórnar ásamt lögfræðingi heimilisins hittast sem fyrst til að ræða þá hlið málsins.

##### 4. Fundargerðir þjónusturáðs.

Farið var yfir fundargerðir þjónusturáðs nr. 107, 108 og 109  
Lagðar fram til upplýsinga

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.50

Ásta Stefánsdóttir formaður

Aldís Hafsteinsdóttir

Ásgeir Magnússon

ÁRBORG	
Bnr: 02-71	Mótt:
Abm: A. Stef.	Mnr. 1703106